



Fundargerð Þjóðgarðsráðs Snæfellsjökulsþjóðgarðs

17. Fundur

Mætt eru Kristinn Jónasson, Hákon Ásgeirsson, Magnús Aðalsteinn Sigurðsson, Inga Dóra Hrólfsdóttir, Anna Hallgrímsdóttir, Þórður Runólfsson

Fjarverandi: Sigðurðu Guðjónsson

Fundargerð ritaði Ingunn Ýr Angantýsdóttir, þjónustustjóri Snæfellsjökulsþjóðgarðs.

Þriðjudagur 14. janúar 2025, kl. 14:00 í fjarfundi

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt samhljóða.

2. Fjöldi gesta í þjóðgarðinum 2024

- Hákon fer yfir gestagjölda.
 - 460 þúsund komu inni þjóðgarðinn
 - 10 prósent aukning á milli ára inni þjóðgarðinn.
 - Í gestastofu 2025 komu 82.309 á Malarriði og 62.761 í þjóðgarðsmiðstöðina.
 - Ágúst er nú fjölmennasti mánuðurinn. September hefur aldrei verið eins stór líkt og í ár sem og október og nóvember. Desember er svipaður og 2023.
 - Þetta er mesta hlutfall af gestum í þjóðgarðinum sem koma inná gestastofur hingað til. Talsvert fleiri sem heimsækja Malarrið yfir sumartímann. Fleiri gestir koma í þjóðgarðsmiðstöðina en á Malarrið yfir vetrartímann.

3. Staða verkefna sem átti að vinna 2024.

- Hákon fer yfir það sem kláraðist á síðasta ári:
 - Útsýnispallur á Saxhól og einnig lagað í kringum sjónskífuna
 - Neðra bílastæðið á Djúpalóni var klárað
 - Gönguleið á milli Djúpalónsands og Dritvikur
 - Búið er að tracka allar gönguleiðir og þær komnar inni gagnagrunn til að uppfæra göngukort garðsins
 - Skiltaverkefnin hafa dregist á langinn og færast yfir á verkefnalista 2025



Verkefni ársins 2025.

Hákoni fer yfir áætluð verkefni ársins 2025:

- Hönnun á göngustígum og affpreyingarsvæði á Malarriði.
- Útílysing sett upp við göngustíg að Malarriðsvita.
- Viðburðar- og áningapallur við gestastofuna á Malarriði.
- Leiksvæði við gestastofu á Malarriði endurbætt og tækjum fjölgað.
- Lokið verður við móttöku- og áningarstað við Saxhól.
- Fræðsluskilti um jarðfræði á utanverðu Snæfellsnesi sett upp við Saxhól.
- Lokið verði við endurnýjun á stikum og merkingum við gönguleiðir.
- Ný aðkomu- og fræðsluskilti sett upp við Svalþúfu.
- Bráðabirgðarsalerni sett upp við efra bílastæði Djúpalóni.
- Minjaheildarsvæði á Öndverðanesi.
- Lokið verði við deiliskipulag á svæðinu við Malarrið og Öndverðanesi.
- Göngustígar bættir á Öndverðanesi.
- Fræðsluskilti sett upp við Skarðsvík.
- Skilti með upplýsingum um jökla og jöklaferðir sett upp við jökulinn.
- Vegvísar og færðsluskilti sett upp við salerni á Djúpalóni.
- Göngustígar milli Svalþúfu og Malarriðs lagfærðir.
- Frumgreining á uppbyggingu göngu- og hjólastíga.
- Lokið við endurgerð og varðveislu á Gufuskálavör.
- Fræðsluskilti við Gufuskálavör.
- Fræðsluskilti við Írskrabrunn.
- Mannamót – í janúar 2025
- Sólmyrkvi 2026 – Samstarfshópur hefur verið stofnaður
- Fræðsluáætlun 2025
- Landvarðarnámskeið- febrúar 2025
- Útisvæði við Þjóðgarðsmiðstöð – stækkun á bílastæði og aðgengi að Þjóðgarðsmiðstöð
- Þjóðgarðsmiðstöð – loftræstikerfi

4. Staðan á sýningunni í Þjóðgarðsmiðstöðinni.

Inga Dóra fer yfir stöðuna á sýningunni.

- Vinna við sýninguna mun halda áfram á þessu ári. Skoða þarf að skipta niður verkþáttum á lengra tímabil.



5. Vitavarðarhúsið á Malarriði.

Beðið er eftir samantekt af úttekt sem gerð var 2024. Viðfangsefnið tekið betur fyrir þegar samantektin liggur fyrir.

6. Klósettin við Djúpalón/vegaframkvæmdir.

Búið er að fjármagna bráðabyrgða salerni, stefnt á að þau verði komin í gagnið í vor. Kristinn mun kanna stöðu vegaframkvæmda hjá Vegagerðinni.

7. Þjónustugjöld á bílastæðum.

Spurt hvernig framkvæmd við innleiðingu þjónustugjaldanna verður. Huga þarf að ýmsum atriðum rafmagni og fleira á þeim áfangastöðum sem verða með myndavélar og fl. Kristinn kallar eftir að innleiðingarferli verði kynnt á næsta fundi.

8. Starfsmannamál.

Kristinn greinir frá þeim starfsmannabreytingum sem eru á næsta leyti. Hákon lætur af störfum sem þjóðgarðsvörður. Búið er að auglýsa starfið hans. Hákon fer í starf sviðstjóra hjá Náttúruverndarstofnun.

9. Önnur mál.

- Landvarðarhús: Inga Dóra kemur inn á stöðuna á forathugun á landvarðarhúsi.
 - Fyrsti kostur að auglýsa eftir leiguhúsnæði.
 - Annar kostur er að gera upp Gufuskála.

Næsti fundur

25. febrúar. Kl 14:00. Jóhanna Katrín mun þá koma inn á fundinn og kynna stjórnunarfyrirkomulag Vatnajökulsþjóðgarðs.

Fundi slitið kl. 15:30